

REGLUGERÐ

um skipulagskröfur rekstrarfélaga verðbréfasjóða (þ.m.t. um hagsmunaárekstra, viðskiptahætti, áhættustýringu og inntak samkomulags milli vörslufyrirtækis og rekstrarfélags).

I. KAFLI

Gildissvið og orðskýringar.

1. gr.

Gildissvið og markmið.

Reglugerð þessi gildir um starfsemi og rekstur rekstrarfélaga verðbréfasjóða með starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

Þegar vísað er til verðbréfasjóða í reglugerð þessari er einnig átt við fjárfestingarsjóði eftir því sem við á.

Ákvæði V. kafla gilda einnig um vörslufyrirtæki sem stunda starfsemi sína samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og skv. c-lið II. kafla laga nr. 128/2011.

2. gr.

Orðskýringar.

Í reglugerð þessari merkir:

- Eftirlitseining (e. supervisory function)*: Sá aðili eða aðilar sem bera ábyrgð á eftirliti með stjórnendum og mati og reglubundinni endurskoðun á því hvort áhættustýringarferli sé fullnægjandi og skilvirkt. Auk þess ber eftirlitseining ábyrgð á stefnum, fyrirkomulagi og verklagi í samræmi við gildandi lög og reglur.
- Fulltrúi rekstrarfélags (e. relevant person)*:
 - stjórnarmaður, meðeigandi eða samsvarandi aðili eða stjórnandi rekstrarfélagsins,
 - starfsmaður rekstrarfélagsins, eða hver sá einstaklingur sem starfar undir stjórn rekstrarfélagsins og á þátt í að veita þjónustu rekstrarfélagsins vegna sameiginlegrar stýringar verðbréfasafna,
 - einstaklingur sem á beinan þátt í því að veita rekstrarfélagi þjónustu samkvæmt samningi um útvistun þjónustu á sviði sameiginlegrar stýringar verðbréfasafna.
- Markaðsáhætta (e. market risk)*: Hættan á tapi verðbréfasjóðsins vegna sveiflna á markaðsvirði eigna í eignasafni verðbréfasjóðsins sem rekja má til breytinga á markaðsbreytum, svo sem vöxtum, gengi erlendra gjaldmiðla, hlutabréfa- og hrávöruverði eða lánshæfi útgefanda.
- Mótaðilaáhætta (e. counterparty risk)*: Hættan á tapi verðbréfasjóðs sökum þess að mótaðili viðskipta stendur ekki við skuldbindingar sínar áður en lokauppgjör sjóðstreymis viðskiptanna á sér stað.
- Lausafjáraáhætta (e. liquidity risk)*: Hættan á að ekki sé hægt að selja, innleysa eða loka stöðu í eignasafni verðbréfasjóðsins, með takmörkuðum kostnaði og innan ásettanlegs tímaramma.
- Rekstraráhætta (e. operational risk)*: Hættan á tapi verðbréfasjóðs vegna ófullnægjandi innri ferla og mistaka í tengslum við mannauð og kerfi rekstrarfélagsins, eða vegna ytri atburða, þ.m.t. lagaleg áhætta og áhætta vegna verklags við viðskipti, miðlun, uppgjör og mat sem innt er af hendi fyrir hönd verðbréfasjóðsins.
- Rekstrarfélag (e. management company)*: Fjármálafyrirtæki sem fengið hefur starfsleyfi skv. 7. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og rekur verðbréfasjóð um sameiginlegar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum seljanlegum eignum.
- Stjórnendur (e. senior management)*: aðili eða aðilar sem í reynd stýra starfsemi rekstrarfélagsins.
- Stjórn (e. board of directors)*: Stjórn rekstrarfélagsins.
- OTC-afleiða (e. OTC-derivative)*: Afleiðusamningur sem ekki eru framkvæmd viðskipti með á skipulegum verðbréfamarkaði í skilningi 2. tölul. 2. gr. laga nr. 110/2007, um kauphallir, eða á markaði þriðja lands sem telst jafngildur skipulegum verðbréfamarkaði.
- Viðskiptavinur (e. client)*: einstaklingur, lögaðili eða önnur efnahagsleg eining, þ.m.t. verðbréfasjóður, sem rekstrarfélag veitir þjónustu á sviði sameiginlegrar stýringar verðbréfasafns eða þjónustu skv. 1.-3. tölul. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 161/2002.

II. KAFLI

Skipulagskröfur.

1. ÞÁTTUR

Almennar meginreglur.

3. gr.

Almennar skipulagskröfur.

Rekstrarfélag skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

- a. koma á og viðhalda skýrum skriflegum verkferlum um ákvarðanatöku og skipulagi þar sem kemur fram hverjar séu boðleiðir innan fyrirtækisins, sem og skipting verkefna og ábyrgðar,
- b. tryggja að fulltrúum rekstrarfélagsins sé kunnugt um þær reglur og verkferla er fylgt skal í starfsemi þess,
- c. starfrækja viðunandi innri eftirlitskerfi sem ætlað er að tryggja að ákvörðunum og ferlum sé fylgt í allri starfsemi fyrirtækisins,
- d. koma á og viðhalda skilvirkri innri skýrslugjöf og miðlun upplýsinga á öllum viðeigandi sviðum í fyrirtækinu og
- e. viðhalda fullnægjandi skráum um viðskipti sín og innra skipulag.

Ráðstafanir, sem rekstrarfélag gerir til að uppfylla framangreindar skipulagskröfur, skulu taka mið af eðli og umfangi starfsemi fyrirtækisins.

Rekstrarfélag skal koma á fót og viðhalda kerfum og ferlum sem duga til að vernda öryggi og réttmæti upplýsinga og trúnað, sem á þeim hvílir, að teknu tilliti til þess hvers eðlis þær upplýsingar eru sem um ræðir.

Rekstrarfélag skal setja sér stefnu um samfelldni viðskipta, sem miðar að því að tryggja varðveislu nauðsynlegra gagna og aðgerða og að viðhalda starfseminni ef truflun verður í kerfum þess eða ferlum, eða ef því verður ekki við komið, að slík gögn verði endurheimt og að starfseminni verði komið í samt horf að nýju, eins fljótt og mögulegt er.

Rekstrarfélag skal setja sér stefnu um reikningsskil sem gerir því kleift að skila tímanlega til Fjármálaeftirlitsins, að beiðni þess, fjárhagsupplýsingum sem gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins og uppfylla alla þá reikningsskilastaðla og reglur sem eiga við.

Rekstrarfélag skal hafa eftirlit með og meta reglulega hæfi og skilvirkni kerfa sinna, innri eftirlitskerfa og fyrirkomulags sem komið er á í samræmi við 1.-5. mgr. og grípa til viðeigandi ráðstafana til að ráða bót á annmörkum.

4. gr.

Fulltrúar rekstrarfélags og eftirlit.

Rekstrarfélag skal ráða starfslið sem býr yfir færni, þekkingu og sérfræðikunnáttu sem nauðsynleg er til að sinna þeim verkefnum og ábyrgð sem þeim eru falin.

Rekstrarfélag skal tryggja að það hafi mannafla sem býr yfir sérþekkingu til að hafa fullnægjandi og skilvirkt eftirlit með starfsemi sem þriðju aðilar sinna fyrir rekstrarfélagið á grundvelli samnings, einkum að því er varðar áhættustýringu í tengslum við viðkomandi samninga.

Rekstrarfélag skal tryggja að þegar fulltrúar þess sinna margvættum störfum geti þeir tekist á við störf sín af heilindum, heiðarleika og fagmennsku.

Í tengslum við 1., 2. og 3. mgr. skal rekstrarfélag taka tillit til annars vegar umfangs og eðlis af starfsemi rekstrarfélagsins og hversu flókin hún er, og hins vegar af umfangi og eðli þeirrar þjónustu sem rekstrarfélagið veitir í tengslum við þá starfsemi.

2. ÞÁTTUR

Stjórnun og bókhaldsfyrirkomulag.

5. gr.

Meðferð kvartana.

Rekstrarfélag skal starfrækja gagnsætt og skilvirkt verklag við meðferð kvartana frá fjárfestum. Hraða skal meðferð kvartana eins og kostur er.

Rekstrarfélag skal halda skrá yfir hverja kvörtun og þær ráðstafanir sem gripið er til við úrlausn hennar. Framlagning kvörtunar skal vera án endurgjalds og gildir hið sama um upplýsingar sem veita skal um meðferð hennar.

6. gr.

Rafræn skráning og gagnavinnsla.

Rekstrarfélag skal hafa til umráða kerfi fyrir rafræna skráningu með viðskipti eignasafns sjóðs og áskriftar- og innlausnarpantanir, til að unnt sé að mæta kröfum sem áskilið er í 13. og 14. gr. Kerfið skal tryggja að viðskipti séu skráð á réttan hátt og á réttum tíma.

Rekstrarfélag skal tryggja hátt öryggisstig við rafræna gagnavinnslu og tryggja trúnað um skráðar upplýsingar eftir því sem við á.

7. gr.

Bókhaldsfyrirkomulag.

Rekstrarfélag skal tryggja að beitt sé reikningsskilaaðferðum og ferlum til að tryggja vernd eigenda hlutdeildarskírteina, sbr. 5. mgr. 3. gr.

Bókhald verðbréfasjóðs skal vera með þeim hætti að unnt sé að greina allar eignir og skuldir verðbréfasjóðsins á hverjum tíma. Ef verðbréfasjóður hefur mismunandi deildir skal bókhald þeirra vera aðskilið.

Rekstrarfélag skal koma á, framkvæma og viðhalda reikningsskilaaðferðum í samræmi við gildandi reikningsskilastaðla og reikningsskilareglur, til að tryggt sé að útreikningur á hreinni eign hvers verðbréfasjóðs sé réttur á grundvelli reikningsskila og að framkvæma megi áskriftar- og innlausnarpantanir í samræmi við verðmæti hreinnar eignar.

3. ÞÁTTUR

Innra eftirlit.

8. gr.

Eftirlit stjórnenda og eftirlitseiningar.

Við innri verkskiptingu skal tryggt að stjórnendur rekstrarfélags og eftirlitseining, þar sem hún er til staðar, beri ábyrgð á að rekstrarfélag starfi í samræmi við skyldur sínar samkvæmt lögum nr. 128/2011.

Rekstrarfélag skal tryggja að stjórnendur þess:

- beri ábyrgð á framkvæmd á almennri fjárfestingarstefnu verðbréfasjóða sem félagið stjórnar, og ef við á, útboðslýsingu sjóða og reglum þeirra,
- hafi umsjón með samþykki á fjárfestingarmarkmiðum fyrir verðbréfasjóði undir stjórn rekstrarfélags,
- beri ábyrgð á að rekstrarfélag hafi varanlega og skilvirka regluvörslu, sbr. 9. gr., þótt þriðji aðili inni starfsemina af hendi,

- d. tryggi og staðfesti með reglulegu millibili að almennri fjárfestingarstefnu, fjárfestingarmarkmiðum og áhættutakmörkunum verðbréfasjóða rekstrarfélags sé fylgt og þær séu framkvæmdar rétt með skilvirkum hætti, einnig þegar þriðji aðili innir áhættustýringuna af hendi,
- e. samþykki og endurskoði með reglulegu millibili hvort innra verklag við fjárfestingarákvarðanir sé fullnægjandi í tilvikum verðbréfasjóða rekstrarfélaga, til að tryggja að slíkar ákvarðanir séu í samræmi við samþykkt fjárfestingarmarkmið og
- f. samþykki og endurskoði með reglulegu millibili áhættustýringarstefnu og verkferla hennar, eins og um getur í 38. gr., þ.m.t. kerfi til að takmarka áhættu (e. risk limit system) fyrir verðbréfasjóði rekstrarfélaga.

Rekstrarfélag skal einnig sjá til þess að stjórnendur þess og, þegar við á, eftirlitseining:

- a. meti og endurskoði með reglulegu millibili skilvirkni stefnu, fyrirkomulags og verklags, sem komið hefur verið á til að uppfylla skyldur samkvæmt lögum og reglum og
- b. geri viðeigandi ráðstafanir til að taka á annmörkum á stefnu, fyrirkomulagi og verklagi.

Rekstrarfélag skal tryggja að stjórnendur þess fái reglulega, a.m.k. einu sinni á ári, skriflega skýrslur um málefni varðandi regluvörslu, innri endurskoðun og áhættustýringu, þar sem sérstaklega skal tekið fram hvort annmarkar hafi komið fram og hvort viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar.

Rekstrarfélag skal tryggja að stjórnendur þess fái reglulega skýrslu um framkvæmd fjárfestingarmarkmiða og innra verklag við fjárfestingarákvarðanir sem um getur í b- til e-lið 2. mgr.

Rekstrarfélag skal tryggja að eftirlitseining, sé hún til staðar, fái reglulega skriflega skýrslu um málefnið sem um getur í 4. mgr.

9. gr.

Regluvarsla.

Rekstrarfélag skal koma á og viðhalda viðeigandi stefnu og ferlum til að greina hvers konar hættur á misbrestum hjá rekstrarfélagi við að uppfylla skyldur sínar samkvæmt gildandi lögum og reglum um verðbréfasjóði. Rekstrarfélag skal móta ferla til þess að lágmarka hættur á misbrestum og gera Fjármálaeftirlitinu kleift að viðhafa skilvirkt eftirlit.

Ráðstafanir rekstrarfélags til að uppfylla kröfur um regluvörslu skulu taka mið af eðli og umfangi starfsemi og verkefna rekstrarfélags.

Rekstrarfélag skal koma á og viðhalda skilvirkri regluvörslu sem er óháð öðrum þáttum í starfsemi félagsins og hefur eftirfarandi hlutverki að gegna:

- a. að fylgjast með og meta hvort ráðstafanir og ferlar skv. 1. mgr. séu fullnægjandi og skilvirk sem og aðgerðir til að bæta úr misbrestum félagsins við að uppfylla skyldur sínar samkvæmt gildandi lögum og reglum og
- b. að veita fulltrúum rekstrarfélags sem annast viðskipti og þjónustu við verðbréfasjóði nauðsynlega fræðslu, ráðgjöf og aðstoð til að þeir geti uppfyllt skyldur félagsins samkvæmt gildandi lögum og reglum.

Rekstrarfélag skal tryggja að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt til að gera regluvörslu kleift að uppfylla skyldur sínar með réttum og óháðum hætti:

- a. þeir aðilar sem fara með regluvörslu skulu hafa nauðsynlegt vald, úrræði og sérfræðiþekkingu og aðgang að upplýsingum sem máli skipta,
- b. tilnefna skal regluvörð sem ber ábyrgð á regluvörslu og skýrslugjöf til yfirstjórnar, sbr. 4. mgr. 8. gr.,
- c. fulltrúum rekstrarfélags sem starfa við regluvörslu sé óheimilt að veita þjónustu eða sinna starfsemi sem þeir hafa eftirlit með og
- d. aðferð við ákvörðun þóknunar fulltrúa rekstrarfélags sem starfa við regluvörslu skal ekki vera líkleg til að hafa áhrif á hlutlagi þeirra.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er rekstrarfélagi ekki skylt að uppfylla c- eða d-lið ef það getur sýnt fram á að skilyrðin séu of þungbær miðað við umfang og eðli starfsemi félagsins og að regluvarsla sé að öðru leyti fullnægjandi.

10. gr.

Innri endurskoðun.

Rekstrarfélag skal koma á og viðhalda aðferð við innri endurskoðun sem er aðskilin og óháð öðrum deildum og starfsemi félagsins, með tilliti til eðlis og umfangs starfsemi rekstrarfélagsins og eðlis og umfangs sjóðastýringar.

Innri endurskoðun skv. 1. mgr. sinnir eftirfarandi hlutverkum:

- a. að koma á og viðhalda endurskoðunaráætlun til að greina og meta hvort kerfi rekstrarfélags, innri eftirlitskerfi og fyrirkomulag séu fullnægjandi og skilvirk,
- b. gefur út tilmæli sem byggjast á niðurstöðu greiningar í samræmi við a-lið,
- c. sannreynir að ráðleggingum samkvæmt b-lið hafi verið fylgt og
- d. gefur skýrslu um innri endurskoðun í samræmi við 4. mgr. 8. gr.

11. gr.

Viðvarandi áhættustýringarferli.

Rekstrarfélag skal koma á og viðhalda varanlegri áhættustýringu.

Starfseining áhættustýringar skv. 1 mgr. skal vera sjálfstæð og óháð öðrum rekstrareiningum. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágu frá þessari skyldu. Við mat á því hvort veita skuli undanþágu skal taka mið af eðli og umfangi starfsemi rekstrarfélags og verðbréfasjóða sem það stýrir. Rekstrarfélag skal sýna fram á að gerðar hafi verið viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra þannig að starfsemi áhættustýringar sé sjálfstæð og óháð og standist kröfur sem til hennar eru gerðar.

Starfsemi áhættustýringar skal sjá um eftirfarandi verkefni:

- a. framkvæmd áhættustýringarstefnu og verklags í tengslum við hana,
- b. tryggja að farið sé að kerfi verðbréfasjóðsins til að takmarka áhættu (e. risk limit system), þ.m.t. lögbodinni takmörkun heildaráhættu og mótaðilaáhættu, sbr. 41., 42. og 43. gr.,
- c. veita stjórn ráðgjöf um áhættusnið (e. risk profile) verðbréfasjóða rekstrarfélags,
- d. að gefa stjórn og, ef við á, eftirlitseiningu reglulega skýrslu um:
 - i. samræmi milli núverandi áhættustigs hvers verðbréfasjóðs og áhættusniðs sem samþykkt hefur verið fyrir viðkomandi verðbréfasjóð,
 - ii. hvort verðbréfasjóðum rekstrarfélags sé stýrt í samræmi við kerfi verðbréfasjóðs til að takmarka áhættu (e. risk limit system),
 - iii. hvort áhættustýringarverklag og/eða ferli er fullnægjandi og skilvirk, einkum hvort viðeigandi ráðstafanir hafa verið gerðar til að bæta úr annmörkum sem kunna að koma upp,
- e. gefa stjórnendum reglulega skýrslur um núverandi áhættustig verðbréfasjóða rekstrarfélags, hvort farið hafi verið umfram takmarkanir þeirra eða hvort það sé fyrirsjáanlegt að slíkt muni gerast, til að tryggja að unnt sé að grípa skjótt til viðeigandi aðgerða,
- f. endurskoða og styrkja verklag við mat á virði OTC-afleiðna, sbr. 44. gr. og
- g. tilkynna Fjármálaeftirlitinu með reglubundnum hætti um tegundir afleiðna, sbr. 45. gr. er varðar skýrslu um afleiður.

Starfsmenn áhættustýringar skulu hafa nauðsynlegt vald og aðgang að öllum upplýsingum sem þörf er á til að sinna þeim verkefnum sem tilgreind eru í a-f-lið 3. mgr.

12. gr.

Eigin viðskipti fulltrúa rekstrarfélagsins.

Rekstrarfélag skal koma á og viðhalda fyrirkomulagi, sem miðar að því að koma í veg fyrir eftirtalda starfsemi ef fulltrúi rekstrarfélags sinnir störfum sem valdið gætu hagsmunaárekstrum eða hefur aðgang að innherjaupplýsingum í skilningi laga um verðbréfavíðskipti eða öðrum trúnaðarupplýsingum sem tengjast verðbréfasjóði eða viðskiptum við eða fyrir verðbréfasjóð á grundvelli starfsemi sem hann innir af hendi sjálfur eða fyrir hönd rekstrarfélagsins:

- a. að stofna til eigin viðskipta þar sem a.m.k. eitt af eftirfarandi viðmiðum á við:
- i. hlutaðeigandi einstaklingum er óheimilt að stofna til viðskiptanna samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti, s.s. vegna reglna um innherjavíðskipti,
 - ii. ef víðskiptin fela í sér misnotkun eða óvíðeigandi birtingu trúnaðarupplýsinga eða
 - iii. ef víðskiptin stangast á við eða eru líkleg til að stangast á við skyldur rekstrarfélagsins samkvæmt lögum um verðbréfasjóði, ~~fjárfestingarsjóði og fagfjárfestassjóði~~, lögum um fjármálafyrirtæki eða lögum um verðbréfavíðskipti,
- b. að gefa þriðja aðila ráð eða aðstoða hann við að stofna til víðskipta með fjármálagerninga sem ekki verða talin í samræmi við eðlilegar starfsskyldur hans, ef víðskiptin falla undir a-lið þessa ákvæðis, a- eða b-lið 2. mgr. 23. gr. eða 3. mgr. 47. gr. reglugerðar nr. 995/2007 eða
- c. að veita þriðja aðila upplýsingar eða álit, nema það samrýmist 2. tölul. 1. mgr. 123. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, aðrar en þær sem um er að ræða í venjubundnu starfi eða samkvæmt þjónustusamningi ef hlutaðeigandi fulltrúi rekstrarfélagsins veit eða má vita að móttakandi muni eða líklegt er að hann muni grípa til eftirfarandi úrræða:
- i. stofna til víðskipta með fjármálagerninga sem falla undir a-lið þessa ákvæðis, a- eða b-lið 2. mgr. 23. gr. eða 3. mgr. 47. gr. reglugerðar nr. 995/2007 ef um væri að ræða eigin víðskipti fulltrúa rekstrarfélags eða
 - ii. ráðleggja eða aðstoða þriðja aðila við að stofna til slíkra víðskipta.

Fyrirkomulagið, sem krafist er skv. 1. mgr., skal tryggja að:

- a. sérhverjum fulltrúa rekstrarfélags, sem 1. mgr. tekur til, sé kunnugt um takmarkanir á eigin víðskiptum og um þær ráðstafanir sem rekstrarfélag hefur komið á í tengslum við slík víðskipti og veitingu upplýsinga í samræmi við 1. mgr.,
- b. rekstrarfélag sé tafarlaust tilkynnt um öll eigin víðskipti fulltrúa þess annaðhvort með tilkynningu um víðskiptin eða með öðrum hætti til að unnt sé að greina víðskiptin og
- c. haldin sé skrá um eigin víðskipti fulltrúa rekstrarfélagsins, þ.m.t. um allar heimildir eða synjanir í tengslum við slík víðskipti.

Að því er varðar b-lið 1. mgr. skal rekstrarfélag, ef þriðji aðili framkvæmir tilteknaðgerðir, tryggja að sú eining er framkvæmir þær haldi skrá yfir eigin víðskipti fulltrúa rekstrarfélags og veiti rekstrarfélaginu þær upplýsingar án tafar, óski það eftir því.

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um eftirfarandi eigin víðskipti fulltrúa rekstrarfélags:

- a. eigin víðskipti sem framkvæmd eru í eignastýringu þar sem engin samskipti hafa farið fram á milli þess aðila sem stýrir eignasafninu og fulltrúa rekstrarfélagsins eða hlutaðeigandi einstaklings sem víðskiptin eru framkvæmd fyrir eða
- b. eigin víðskipti með hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum sem uppfylla skilyrði laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, ~~fjárfestingarsjóði og fagfjárfestassjóði~~, að því tilskildu að fulltrúi rekstrarfélags eða hlutaðeigandi einstaklingur sem víðskiptin eru framkvæmd fyrir taki ekki þátt í stjórnun viðkomandi sjóðs.

13. gr.

Skráning víðskipta með eignasafn.

Rekstrarfélag skal tryggja að skráðar séu upplýsingar um öll víðskipti með eignasafn verðbréfasjóða þess. Skrá skal allar upplýsingar um víðskiptin á fullnægjandi hátt þannig að unnt sé að rekja upplýsingar um pöntun og framkvæmd víðskipta án tafar.

Skráning skal fela í sér:

- a. nafn eða annað heiti verðbréfasjóðs og viðkomandi einstaklings sem starfar fyrir hönd verðbréfasjóðsins,
- b. upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að greina viðkomandi gerning,
- c. magn,
- d. eðli pöntunar eða víðskipta,
- e. verð,
- f. dagsetningu pöntunar og nákvæma tímasetning, nafn eða annað heiti aðilans sem pöntunin var send til, ef um er að ræða víðskipti skal koma fram dagsetning þeirra og nákvæm tímasetning ákvörðunar um að eiga víðskipti og framkvæmd víðskipta,
- g. nafn aðila sem sendir pöntunina eða framkvæmir víðskiptin,

- h. ef við á, ástæður afturköllunar pöntunar og
- i. auðkenni mótaðila og viðskiptakerfis varðandi framkvæmd viðskipti.

Með viðskiptakerfi í i-lið er átt við skipulegan verðbréfamarkað, markaðstorg fjármálagerninga, innmiðlara eða viðskiptavaka, sbr. lög um verðbréfaviðskipti nr. 108/2007 eða annan aðila sem útvegur lausafé eða einingu sem gegnir sambærilegu hlutverki og einhver hinna framangreindu.

14. gr.

Skráning áskriftar- og innlausnarpantana.

Rekstrarfélag skal gera eðlilegar ráðstafanir til að tryggja að áskriftar- og innlausnarpöntunum sem berast verðbréfasjóðnum sé safnað saman og þær skráðar tafarlaust við viðtöku.

Skráning skal innhalda upplýsingar um eftirfarandi:

- a. viðkomandi verðbréfasjóð,
- b. aðila sem leggur fram eða sendir pöntunina,
- c. aðila sem tekur við pöntuninni,
- d. dagsetningu og tímasetningu pöntunar,
- e. greiðsluskilmála og greiðslumáta,
- f. eðli pantana,
- g. dagsetningu á framkvæmd pantana,
- h. fjölda hlutdeildarskírteina, verð á hverju hlutdeildarskírteini og heildarvirði hlutdeildarskírteina sem aðili skrifar sig fyrir eða innleysir og
- i. heildarvirði pöntunar, þ.m.t. gjöld vegna áskriftar eða hreina fjárhæð að frádregnum innlausnargjöldum.

15. gr.

Skráningarskylda.

Rekstrarfélag skal varðveita skrár, sem um getur í 13. og 14. gr., í a.m.k. 5 ár. Við sérstakar aðstæður getur Fjármálaeftirlitið, sé það nauðsynlegt til að sinna eftirlitshlutverki sínu, krafist þess að rekstrarfélag varðveiti skráningar í lengri tíma, að teknu tilliti til eðli gerninga eða viðskipta með eignasafn.

Eftir að leyfi rekstrarfélags hefur verið fellt úr gildi getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að rekstrarfélag varðveiti skrár skv. 1. mgr. það sem eftir er af 5 ára tímabilinu.

Ef rekstrarfélag felur öðru rekstrarfélagi skyldur sínar við verðbréfasjóð getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að hið nýja félag geri ráðstafanir til að varðveita skrár samkvæmt 1. mgr.

Skrár skal varðveita á miðli sem gerir Fjármálaeftirlitinu kleift að nálgast þær síðar og með þeim hætti sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

- a. auðvelt skal vera fyrir Fjármálaeftirlitið að nálgast skrár og skal hvert stig í viðskiptaferli með eignasafn vera gagnsætt og auðvelt að endurera,
- b. í skráum skal vera auðvelt að rekja allar leiðréttingar eða breytingar, sem og innihald skráa áður en leiðréttingar eða breytingar voru gerðar og
- c. ekki má vera hægt að hagræða eða breyta skránum að öðru leyti.

III. KAFLI.

Hagsmunaárekstrar.

16. gr.

Greining hagsmunaárekstra.

Rekstrarfélag skal gera allar tiltækar ráðstafnir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra sem geta skaðað hagsmuni viðskiptavina þess. Í því skyni að greina hagsmunaárekstra sem geta skapast við veitingu þjónustu í tengslum við sjóðastýringu eða aðra starfsemi skal rekstrarfélag meta hvort félagið, fulltrúi rekstrarfélagsins eða aðili sem beint eða óbeint er tengdur fyrirtækinu í gegnum yfirráð:

- a. sé líklegur til að njóta fjárhagslegs ágóða eða forðast fjárhagslegt tap á kostnað verðbréfasjóðsins,

- b. hefur hagsmuna að gæta af niðurstöðu þeirrar þjónustu sem verðbréfasjóðnum eða öðrum viðskiptavini er veitt eða viðskipta fyrir hönd verðbréfasjóðs eða annars viðskiptavinar og þessir hagsmunir eru aðgreindir frá hagsmunum verðbréfasjóðsins að því er varðar niðurstöðuna,
- c. hafi fjárhagslegan hvata eða annars konar hvata til þess að setja hagsmuni annars viðskiptavinar eða hóps viðskiptavina framar hagsmunum verðbréfasjóðsins,
- d. framkvæmi sömu aðgerðir fyrir verðbréfasjóð og fyrir annan viðskiptavin eða viðskiptavini sem ekki eru verðbréfasjóðir eða
- e. þiggur eða mun þiggja umbun í tengslum við sjóðastýringu verðbréfasjóðs í formi peninga, vöru eða þjónustu, annarra en venjubundinna umboðslauna eða þóknana fyrir þjónustuna, frá öðrum aðila en verðbréfasjóðnum.

Við greiningu á tegundum hagsmunaárekstra skal rekstrarfélag taka tillit til eftirfarandi þátta:

- a. hagsmuna rekstrarfélagsins, þar með talið hagsmuna sem eru afleiðing þess að félagið tilheyrir samstæðu eða af framkvæmd þjónustu og verkefna, hagsmuna viðskiptavina og skyldum rekstrarfélags gagnvart verðbréfasjóðnum og
- b. hagsmuna tveggja eða fleiri verðbréfasjóða undir stjórn rekstrarfélagsins.

17. gr.

Stefna varðandi hagsmunaárekstra.

Rekstrarfélag skal setja og viðhalda skilvirkri skriflegri stefnu varðandi hagsmunaárekstra. Stefnan skal vera í samræmi við stærð og skipulag félags og eðli og umfang starfsemi.

Ef rekstrarfélagið er aðili að samstæðu skal stefnan taka mið af hvers konar aðstæðum, sem félaginu ætti að vera kunnugt um, sem gætu leitt til þess að hagsmunaárekstrar verði vegna skipulags og starfsemi annarra aðila að samstæðunni.

Stefna sem komið er á í samræmi við 1. mgr. skal taka á eftirfarandi efnisatriðum:

- a. hvaða aðstæður það eru sem valda eða geta valdið hagsmunaárekstrum, í starfsemi á sviði sameiginlegrar stjórnunar verðbréfasafns sem stunduð er af rekstrarfélaginu, sem hafa í för með sér verulega hættu á að hagsmunir verðbréfasjóðsins eða eins eða fleiri viðskiptavina skaðist og
- b. verklagi og öðrum ráðstöfunum í því skyni að stýra slíkum hagsmunaárekstrum.

18. gr.

Sjálfstæði við mat á hagsmunaárekstrum.

Verklag og aðrar ráðstafanir skv. b-lið 3. mgr. 17. gr., skulu tryggja að fulltrúar rekstrarfélags, sem sinna störfum sem hafa í för með sér hagsmunaárekstra og sem tilgreindir eru í a-lið 3. mgr. 17. gr., séu sjálfstæðir í störfum sínum með tilliti til umfangs og starfsemi rekstrarfélagsins og samstæðunnar sem það tilheyrir og þess hversu raunveruleg áhættan er á því að hagsmunir viðskiptavinanna skaðist.

Verklag og aðrar ráðstafanir sem beita skal skv. b-lið 3. mgr. 17. gr. skulu fela í sér eftirfarandi þætti, þegar það er nauðsynlegt og viðeigandi fyrir rekstrarfélagið til að tryggja tilskilið sjálfstæði:

- a. aðferðir til að koma í veg fyrir eða stýra upplýsingastreymi milli fulltrúa rekstrarfélags, sem stundar starfsemi á sviði sameiginlegrar stjórnunar verðbréfasafns, sem hefur í för með sér hættu á hagsmunaárekstrum, ef þessi upplýsingaskipti geta skaðað hagsmuni eins eða fleiri viðskiptavina (kinamúrar),
- b. sérstakt eftirlit með fulltrúum rekstrarfélags sem hafa það að meginverkefni að annast sameiginlega stjórnun verðbréfasafns fyrir hönd viðskiptavina eða fjárfesta eða veita þeim þjónustu, hverra hagsmunir geta stangast á, eða koma að öðru leyti fram fyrir ólíka hagsmuni sem geta skarast, þ.m.t. hagsmuni félagsins,
- c. afnema skal bein tengsl milli þóknunar fulltrúa rekstrarfélagsins, sem annast fyrst og fremst eitt verkefni, og þóknunar eða tekjuöflunar fulltrúa á öðrum sviðum rekstrarfélagsins, ef til hagsmunaárekstra gæti komið milli þessara verkefna,
- d. ráðstafanir til að koma í veg fyrir að nokkur aðili hafi óviðeigandi áhrif á það hvernig fulltrúar rekstrarfélags annast sameiginlega stjórnun verðbréfasafns, eða til að takmarka getu hans til að hafa slík áhrif og

e. ráðstafanir til að takmarka eða stýra aðstæðum þegar fulltrúar rekstrarfélags sinna samtímis, eða í beinu framhaldi, aðskildum verkefnum í sjóðastýringu, þar sem slík þátttaka getur dregið úr tilhlýðilegri stjórnun hagsmunaárekstra.

Þegar innleiðing eða framkvæmd einnar eða fleiri framangreindra aðferða eða ráðstafana tryggir ekki tilskilið sjálfstæði skal rekstrarfélag grípa til annarra nauðsynlegra og viðeigandi aðferða eða ráðstafana.

19. gr.

Stjórnun verkefna sem hafa í för með sér skaðlega hagsmunaárekstra.

Rekstrarfélag skal halda skrá sem það uppfærir reglulega yfir þá tegund starfsemi félagsins, á sviði sameiginlegrar stjórnunar verðbréfasafns, sem stunduð er af félaginu eða fyrir hönd þess þar sem skapast hefur hagsmunaárekstur, sem hefur í för með sér verulega hættu á að hagsmunir eins eða fleiri verðbréfasjóða eða annarra viðskiptavina skaðist, eða slíkur hagsmunaárekstur kunni að skapast þegar um er að ræða viðvarandi sameiginlega stjórnun verðbréfasafns.

Ef talið er að skipulag eða stjórnunarfyrirkomulag rekstrarfélags til að stýra hagsmunaárekstrum sé ekki fullnægjandi til að tryggja að komið sé í veg fyrir hættu á tjóni á hagsmunum verðbréfasjóðs eða eigenda hlutdeildarskírteina hans skal slíkt tafarlaust tilkynnt stjórnanda rekstrarfélagsins, eða öðrum þar til bærum aðila, til að unnt sé að gera viðeigandi ráðstafanir sem tryggja að rekstrarfélagið starfi með hagsmuni verðbréfasjóðsins og eigenda hlutdeildarskírteina hans að leiðarljósi.

Rekstrarfélag skal tilkynna fjárfestum um aðstæður sem um getur í 2. mgr. á varanlegum miðli og rökstyðja ákvörðun sína.

20. gr.

Áætlun um nýtingu atkvæðisréttar.

Rekstrarfélag skal móta fullnægjandi og árangursríkar áætlanir til að ákvarða hvenær og hvernig nýta skuli atkvæðisrétt sem fylgir gerningum í eignasöfnum í stýringu með hagsmuni viðkomandi verðbréfasjóðs í huga.

Áætlun skv. 1. mgr. ræður verklagi og ráðstöfun við:

- a. eftirlit með viðeigandi athöfnum fyrirtækis,
- b. að tryggja nýtingu atkvæðisréttar í samræmi við fjárfestingarmarkmið og stefnu viðkomandi verðbréfasjóðs og
- c. að koma í veg fyrir eða stjórna hagsmunaárekstrum sem eru afleiðing nýtingar á atkvæðisrétti.

Upplýsingar um aðgerðir sem gripið er til á grundvelli þessara áætlana skulu gerðar aðgengilegar eigendum hlutdeildarskírteina án endurgjalds, óski þeir þess.

IV. KAFLI

Hátternisreglur.

I. ÞÁTTUR

Almennar meginreglur.

21. gr.

Skylda til að þjóna hagsmunum verðbréfasjóðs og eigendum hlutdeildarskírteina.

Rekstrarfélag skal tryggja að eigendur hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóði undir þeirra stjórn fái sanngjarna meðhöndlun.

Rekstrarfélag skal ekki setja hagsmuni eins hóps eigenda hlutdeildarskírteina ofar hagsmunum annars hóps.

Rekstrarfélag skal koma á og beita viðeigandi stefnum og verklagi til að koma í veg fyrir aðgerðir eða aðgerðaleyfi starfsmanna og stjórnenda, sem framin eru af ásetningi eða gáleysi, sem líklegt er að hefðu áhrif á stöðugleika og trúverðugleika markaðarins.

Rekstrarfélag skal nota sanngjörn, rétt og gegnsæ verðmatslíkön og -kerfi fyrir verðbréfasjóði sem þau stjórna og starfa með hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi. Rekstrarfélag skal geta sýnt fram á að eignasöfn verðbréfasjóðs séu verðlögd með nákvæmum hætti.

Rekstrarfélag skal starfa með þeim hætti að komið sé í veg fyrir óþarfa kostnað fyrir verðbréfasjóð og eigendur hlutdeildarskírteina hans.

22. gr.

Kröfur um áreiðanleikakönnun.

Rekstrarfélag skal tryggja áreiðanleika við val á og viðvarandi eftirlit með fjárfestingum með hagsmuni verðbréfasjóðs og heilleika markaðarins að leiðarljósi.

Rekstrarfélag skal búa yfir fullnægjandi þekkingu og skilningi á þeim eignum sem verðbréfasjóður hefur fjárfest í.

Rekstrarfélag skal koma á skriflegri stefnu og verklagi um áreiðanleikakannanir og innleiða skilvirkt fyrirkomulag til að tryggja að fjárfestingarákvarðanir, sem teknar eru fyrir hönd verðbréfasjóðs, séu framkvæmdar í samræmi við fjárfestingarstefnu og fjárfestingarmarkmið og áhættutakmarkanir sjóðsins.

Rekstrarfélag skal við framkvæmd áhættustýringarstefnu sinnar og eftir því sem við á með tilliti til eðlis fyrirhugaðrar fjárfestingar setja fram spár og framkvæma greiningu um áhrif fjárfestingar á samsetningu, seljanleika og áhættu á móti ávinningi eignasafns verðbréfasjóðs áður en fjárfestingin er framkvæmd. Greiningin skal framkvæmd á grundvelli áreiðanlegra og uppfærðra upplýsinga, bæði meginðlegra og eigindlegra.

Rekstrarfélag skal sýna færni, aðgát og kostgæfni þegar það stofnar til, fer með eða bindur endi á hvers kyns samninga við þriðja aðila í tengslum við framkvæmd áhættustýringarstarfsemi. Áður en slíkir samningar eru gerðir skal rekstrarfélag gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sannreyna að þriðji aðili hafi getu og hæfni til að framkvæma áhættustýringarstarfsemi á áreiðanlegan, faglegan og skilvirkan hátt. Rekstrarfélag skal koma á fót aðferðum fyrir viðvarandi mat á frammistöðu þriðja aðila.

2. ÞÁTTUR

Meðferð áskriftar- og innlausnarpantana.

23. gr.

Skýrslugjöf vegna áskriftar- og innlausnarpantana.

Þegar framkvæmd er áskriftar- eða innlausnarpöntun frá eiganda hlutdeildarskírteinis skal rekstrarfélag senda eiganda staðfestingu á varanlegum miðli um framkvæmd pöntunar eins fljótt og auðið er og eigi síðar en fyrsta viðskiptadag eftir framkvæmdina eða, ef rekstrarfélag móttekur staðfestingu frá þriðja aðila, eigi síðar en fyrsta viðskiptadag eftir að staðfesting hefur borist frá þriðja aðila.

Ákvæði 1. mgr. gildir ekki ef í staðfestingu eru að finna sömu upplýsingar og í staðfestingu sem annar aðili á að senda eiganda hlutdeildarskírteinanna tafarlaust.

Eftir því sem við á skulu í staðfestingu skv. 1. mgr. koma fram eftirfarandi upplýsingar:

- auðkenni rekstrarfélags,
- nafn eða annað auðkenni eiganda hlutdeildarskírteinis,
- viðtökuþími og -dagur pöntunar og greiðslumáti,
- dagsetning framkvæmdar,
- auðkenni verðbréfasjóðs,
- eðli pöntunar (áskrift eða innlausn),
- fjöldi hlutdeildarskírteina í viðskiptum,
- virði hlutdeildarskírteina við áskrift eða innlausn,
- dagsetning viðmiðunargildis (e. reference value date),
- heildarvirði pöntunar, þ.m.t. áskriftargjöld eða hrein fjárhæð að fráðregnum innlausnargjöldum og
- samtala þóknana, innheimts kostnaðar og, ef fjárfestirinn fer fram á það, sundurliðuð skipting.

Ef pantanir eiganda hlutdeildarskírteina eru framkvæmdar með reglulegu millibili þá er rekstrarfélagi heimilt að velja hvort upplýsingagjöf vegna viðskipta fari fram skv. 1. mgr eða hvort eiganda hlutdeildarskírteinis séu veittar þær upplýsingar sem fram koma í 3. mgr. á sex mánaða fresti.

Rekstrarfélag skal veita eiganda hlutdeildarskírteina upplýsingar um stöðu pantana hans sé óskað eftir þeim.

3. ÞÁTTUR

Besta framkvæmd.

24. gr.

Framkvæmd fyrirsmæla um viðskipti (viðmið um bestu framkvæmd).

Rekstrarfélag skal þjóna hagsmunum verðbréfasjóðs sem það stýrir þegar það framkvæmir fyrirsmæli um viðskipti fyrir hönd sjóðsins.

Rekstrarfélag skal gera allar eðlilegar ráðstafanir við framkvæmd fyrirsmæla til að ná fram niðurstöðu sem er sem hagstæðust fyrir verðbréfasjóð, að teknu tilliti til verðs, kostnaðar, hraða, líkinda á framfylgd og greiðslu, umfangs og eðlis pantana eða annarra þátta sem máli skipta. Ákvarða skal hlutfallslegt mikilvægi slíkra þátta með vísan til eftirfarandi viðmiða:

- a. markmiðs, fjárfestingarstefnu og áhættu verðbréfasjóðs, eins og tilgreint er í lýsingu eða, eftir því sem við á, í sjóðsreglum eða samþykktum verðbréfasjóðs,
- b. einkenna pöntunar,
- c. einkenna fjármálagerninga sem um er að ræða í þeirri pöntun og
- d. einkenna þeirra markaða sem unnt er að beina fyrirsmælum til.

Rekstrarfélag skal koma á ráðstöfunum sem gera því kleift að uppfylla skyldur skv. 2. mgr. Þá skal rekstrarfélag móta stefnu til að ná fram hagstæðustu niðurstöðu er varðar framkvæmd fyrirsmæla fyrir hönd verðbréfasjóðs. Rekstrarfélag skal gera helstu upplýsingar um stefnuna og um allar verulegar breytingar á henni, aðgengilegar eigendum hlutdeildarskírteina.

Rekstrarfélag skal hafa reglubundið eftirlit með skilvirkni fyrirkomulags og stefnu um framkvæmd fyrirsmæla til að greina og leiðrétta annmarka, eftir því sem við á. Endurskoðun á stefnu skal framkvæmd árlega. Jafnframt skal endurskoða stefnu þegar veruleg breyting verður sem hefur áhrif á getu rekstrarfélagsins til að ná besta hugsanlega árangri fyrir verðbréfasjóð sem það stýrir.

Rekstrarfélag skal geta sýnt fram á að fyrirsmæli hafi verið framkvæmd fyrir hönd verðbréfasjóðs í samræmi við stefnu félagsins.

25. gr.

Framkvæmd fyrirsmæla af hálfu verðbréfasjóðs sem aðrir aðilar framkvæma.

Rekstrarfélag skal þjóna hagsmunum verðbréfasjóðs sem það stýrir þegar sett er fram framkvæmd fyrirsmæla fyrir verðbréfasjóðinn í tengslum við stýringu á eignasafni hans sem annar aðili skal framkvæma.

Rekstrarfélag skal gera allar eðlilegar ráðstafanir til að niðurstaðan verði sem hagstæðust fyrir verðbréfasjóð, að teknu tilliti til verðs, kostnaðar, hraða, líkinda á framfylgd og greiðslu, umfangs, eðlis eða annarra þátta sem máli skipta fyrir framkvæmd pöntunar. Ákvarða skal hlutfallslegt mikilvægi slíkra þátta, sbr. 2. mgr. 24. gr.

Í samræmi við framangreint skal rekstrarfélag setja sér stefnu sem gerir því kleift að uppfylla skyldu skv. 1. mgr. Í stefnunni skal tilgreina, að því er varðar sérhvern flokk gerninga, þá aðila sem koma má pöntunum til. Rekstrarfélag skal aðeins gera samning um framkvæmd ef slíkt fyrirkomulag er í samræmi við skyldur sem mælt er fyrir um í ákvæði þessu. Rekstrarfélag skal gera helstu upplýsingar um stefnuna og um allar verulegar breytingar á henni aðgengilegar eigendum hlutdeildarskírteina.

Rekstrarfélag skal hafa reglubundið eftirlit með skilvirkni stefnu skv. 3. mgr., einkum gæði framkvæmdar hjá þeim aðilum sem tilgreindir eru í stefnu, og leiðrétta annmarka eftir því sem við á. Jafnframt skal rekstrarfélag endurskoða stefnuna árlega. Slík endurskoðun skal einnig fara fram ef veruleg breyting á sér stað sem hefur áhrif á getu rekstrarfélags til að halda áfram að ná fram hagstæðustu niðurstöðu fyrir verðbréfasjóð.

Rekstrarfélag skal geta sýnt fram á að fyrirmæli hafi verið framkvæmd fyrir hönd verðbréfasjóðs í samræmi við stefnu félagsins.

4. ÞÁTTUR

Meðferð fyrirmæla.

26. gr.

Almennar meginreglur.

Rekstrarfélag skal móta verklagsreglur um meðferð fyrirmæla og tryggja að þeim sé fylgt eftir. Í verklagsreglum skal kveðið á um skjóta og sanngjarna framfylgd fyrirmæla um viðskipti með eignasafn fyrir hönd verðbréfasjóðs. Verklagsreglur skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a. tryggt skal að fyrirmæli, sem eru framkvæmd fyrir hönd verðbréfasjóðs, séu skráð og þeim úthlutað án tafar og af nákvæmni og
- b. framkvæma skal fyrirmæli fyrir hönd verðbréfasjóðs, sem eru sambærileg að öðru leyti, í þeirri röð sem þau berast og án tafar nema það sé ekki gerlegt vegna þess hvers eðlis fyrirmælin eru eða vegna ríkjandi markaðsaðstæðna eða vegna þess að hagsmunir verðbréfasjóðs krefjast þess.

Fjármálagerningum eða fjármunum, sem er veitt viðtaka við uppgjör eftir framkvæmd þessara fyrirmæla skal komið til skila án tafar og með viðeigandi hætti á reikning viðkomandi verðbréfasjóðs.

Rekstrarfélagi er óheimilt að misnota upplýsingar sem tengjast óafgreiddum fyrirmælum verðbréfasjóðs og skal félagið gripa til allra eðlilegra ráðstafana til að hindra að fulltrúar rekstrarfélags eða aðrir tengdir aðilar misnoti slíkar upplýsingar.

27. gr.

Samsafn og úthlutun fyrirmæla.

Rekstrarfélagi er óheimilt að sameina fyrirmæli verðbréfasjóðs við fyrirmæli annars verðbréfasjóðs, annars viðskiptavinar eða fyrirmæli fyrir eigin reikning nema að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a. að ólíklegt sé að samsafn fyrirmæla og viðskipta muni í heild reynast óhagstæð einhverjum verðbréfasjóði eða viðskiptavini og
- b. að mótuð sé stefna um úthlutun fyrirmæla og framkvæmd með skilvirkum hætti, þar sem kveðið er á um sanngjarna dreifingu samsafnaðra fyrirmæla og viðskipta á nægilega ítarlegu máli, þ.m.t. hvernig magn og verð fyrirmæla ákvarðar dreifingu og meðferð fyrirmæla sem framkvæmdar eru að hluta.

Ef rekstrarfélag setur fyrirmæli verðbréfasjóðs með einum eða fleiri fyrirmælum annarra verðbréfasjóða eða viðskiptavina og samsöfnuðu fyrirmælin eru framkvæmd að hluta, skal félagið úthluta viðskiptum í samræmi við stefnu sína um dreifingu fyrirmæla.

Rekstrarfélag sem hefur safnað saman viðskiptum fyrir eigin reikning og bætt þeim við ein eða fleiri fyrirmæli verðbréfasjóðs eða annarra viðskiptavina er óheimilt að úthluta viðskiptunum á þann hátt að það skaði viðkomandi verðbréfasjóð eða viðskiptavin.

Ef rekstrarfélag bætir fyrirmælum verðbréfasjóðs eða annars viðskiptavinar við viðskipti fyrir eigin reikning og samsöfnuðu fyrirmælin eru framkvæmd að hluta, skal það úthluta tengdum viðskiptum til verðbréfasjóðs eða viðskiptavinar fremur en til rekstrarfélagsins sjálfs.

Ef rekstrarfélagið getur sýnt verðbréfasjóði eða öðrum viðskiptavini sínum fram á að ef ekki hefði verið fyrir samsöfnun hefði því ekki verið unnt að framkvæma fyrirmælin á eins hagstæðum kjörum, eða yfirleitt, þá getur það úthlutað viðskiptunum fyrir eigin reikning hlutfallslega, í samræmi við stefnuna sem um getur í b-lið 1. mgr.

5. ÞÁTTUR

Umbun.

28. gr.

Verndun hagsmuna verðbréfasjóðs í tengslum við umbun.

Rekstrarfélag skal starfa af heiðarleika, sanngirni og fagmennsku með hagsmuni verðbréfasjóðs að leiðarljósi. Rekstrarfélag er ekki talið starfa í samræmi við framangreint ef það, í tengslum við fjárfestingar og rekstur verðbréfasjóðs, greiðir eða þiggur þóknun eða umboðslaun eða veitir eða fær ófjárhagslega umbun, aðrar en eftirfarandi:

- a. þóknun, umboðslaun eða ófjárhagslegan ávinning, greiddan eða veittan verðbréfasjóði eða aðila sem er fulltrúi verðbréfasjóðs, eða sem verðbréfasjóður greiðir eða veitir eða aðili fyrir hönd sjóðsins,
- b. þóknun, umboðslaun eða ófjárhagslegan ávinning, greiddan eða veittan þriðja aðila, eða aðila sem er fulltrúi þriðja aðila, eða sem þriðji aðili greiðir eða veitir eða aðili fyrir hans hönd ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
 - i. verðbréfasjóður er upplýstur með ítarlegum og skiljanlegum hætti um tilvist, eðli og fjárhæð þóknunar, umboðslauna eða ávinnings eða þá aðferð sem notuð er til að reikna út fjárhæð þóknunar ef ekki er unnt að ákvarða hana áður en viðkomandi þjónusta er veitt og
 - ii. greiðsla þóknunar eða umboðslauna eða afhending ófjárhagslegs ávinnings er með þeim hætti að hún bæti viðkomandi þjónustu og komi ekki í veg fyrir að rekstrarfélag geti sinnt þeirri skyldu sinni að þjóna hagsmunum verðbréfasjóðs sem best,
- c. viðeigandi þóknunir, sem auðvelda eða eru nauðsynlegar til að viðkomandi þjónusta sé veitt, þ.m.t. vörslugjöld, uppgjörs- og viðskiptaþóknunir, eftirlitsgjöld eða lögfræðiþóknunir og sem, vegna eðlis þeirra, geta ekki valdið hagsmunaárekstrum við skyldu rekstrarfélagsins skv. 1. mgr.

Rekstrarfélagi er heimilt í tilfellum skv. i-lið b-liðar 1. mgr. að greina aðeins frá meginatriðum fyrirkomulags þóknunar, umboðslauna eða annars fjárhagslegs ávinnings. Óski eigandi hlutdeildarskírteina eftir frekari upplýsingum ber rekstrarfélagi að veita þær.

V. KAFLI

Samkomulag vörslufyrirtækis og rekstrarfélags.

29. gr.

Verklag sem aðilum að samkomulagi ber að fylgja.

Vörslufyrirtæki og rekstrarfélag skulu gera með sér skriflegt samkomulag þegar heimaríki rekstrarfélags er annað en verðbréfasjóðs.

Samkomulagið skal taka til nauðsynlegs upplýsingaflæðis milli þessara aðila til að vörslufyrirtæki geti sinnt skyldum sínum skv. 20. gr. og 22. gr. laga nr. 128/2011 og/eða öðrum lögum og reglum sem gilda um vörslufyrirtæki í viðkomandi ríki. Í samkomulaginu skulu a.m.k. eftirfarandi atriði tiltekin í tengslum við þjónustuna sem aðilar að samkomulaginu veita og verklag sem þeim ber að fylgja:

- a. lýsing á verklagi, þ.m.t. það sem tengist varðveislu, sem skal samþykkja fyrir hvern eignaflokk verðbréfasjóðs sem falinn er vörslufyrirtæki,
- b. lýsing á verklagi sem ber að fylgja eftir ef rekstrarfélag gerir ráð fyrir að breyta sjóðsreglum eða lýsingu verðbréfasjóðs og tilgreina hvenær beri að upplýsa vörslufyrirtækið, eða hvenær þörf er á undanfarandi samkomulagi við vörslufyrirtækið til að hægt sé að halda áfram með breytinguna,
- c. lýsing á aðferðum og verklagi sem vörslufyrirtæki notar til að senda rekstrarfélagi allar viðeigandi upplýsingar sem það þarf til að inna starf sitt af hendi, þ.m.t. lýsing á aðferðum og verklagi í tengslum við nýtingu réttinda sem eru tengd fjármálagerningum, og aðferðum og verklagi sem nýtt eru til að gera rekstrarfélagi og verðbréfasjóði kleift að hafa í tæka tíð aðgang að upplýsingum í tengslum við reikninga verðbréfasjóðs,
- d. lýsing á aðferðum og verklagi sem vörslufyrirtæki getur nýtt til að nálgast allar viðeigandi upplýsingar sem það þarf til að geta uppfyllt skyldur sínar,
- e. lýsing á verklagi sem vörslufyrirtæki getur fylgt til að fá upplýsingar um framkvæmd rekstrarfélagsins og til að meta gæði sendra upplýsinga, þ.m.t. með vettvangsheimsóknum og

f. lýsing á verklagi sem rekstrarfélag getur farið eftir við endurskoðun á frammistöðu vörslufyrirtækis að því er varðar samningsbundnar skyldur vörslufyrirtækis.

30. gr.

Upplýsingaskipti, þagnarskylda og viðnám gegn peningþvætti.

Í samkomulagi skv. 29. gr. skal að lágmarki fjalla um eftirfarandi þætti í tengslum við upplýsingaskipti, þagnarskyldu og aðgerðir gegn peningþvætti:

- a. skrá yfir allar upplýsingar sem verðbréfasjóður, rekstrarfélag hans og vörslufyrirtæki þurfa að skiptast á í tengslum við áskrift, innlausn, útgáfu, afpöntun og endurkaup hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóði,
- b. þagnarskyldu sem gildir um aðila að samkomulagi og
- c. upplýsingar um aðgerðir og ábyrgð vörslufyrirtækis og rekstrarfélags hvað varðar skyldur þeirra til að koma í veg fyrir peningþvætti og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi, eins og við á.

Þagnarskylda skv. b-lið 1. mgr. skal sett fram með þeim hætti að hún skerði hvorki heimildir lögbærra yfirvalda í heimaríki rekstrarfélags né lögbærra yfirvalda í heimaríki verðbréfasjóðs til að fá aðgang að viðeigandi skjölum og upplýsingum.

31. gr.

Tilnefning þriðju aðila.

Ef vörslufyrirtæki eða rekstrarfélag sem er aðili að samkomulagi skv. 29. gr. áætla að tilnefna þriðja aðila til að inna af hendi skyldur sínar skulu aðilar að lágmarki tilgreina í samkomulaginu:

- a. skyldu aðila til að veita með reglulegu millibili upplýsingar um alla þá þriðju aðila sem vörslufyrirtæki eða rekstrarfélag tilnefnir til að inna af hendi skyldur sínar,
- b. ef annar þeirra óskar eftir því, skyldu hins aðilans til að veita upplýsingar um viðmiðanirnar sem við er stuðst við val á þriðja aðila og þær ráðstafanir sem gerðar eru til að hafa eftirlit með starfsemi sem þriðji aðili sinnir og
- c. yfirlýsingu þess efnis að það hafi ekki áhrif á ábyrgð vörslufyrirtækis, sbr. 22. gr. laga nr. 128/2011, þótt vörslufyrirtæki sem falið hefur verið að varðveita eignir verðbréfasjóðs feli þriðja aðila að varðveita þær.

32. gr.

Breytingar og slit samkomulags.

Í samkomulagi aðila skv. 29. gr. skal að lágmarki fjalla um eftirfarandi atriði í tengslum við breytingar og slit samkomulags:

- a. gildistíma samkomulags,
- b. skilyrði sem verða að vera fyrir hendi til að breyta megi samkomulagi eða slíta því og
- c. skilyrði sem þarf að uppfylla til að greiða fyrir flutning eigna til annars vörslufyrirtækis og í þeim tilvikum með hvaða hætti vörslufyrirtæki skal senda allar viðeigandi upplýsingar til hins nýja vörslufyrirtækis.

33. gr.

Gildandi lög.

Í samkomulagi aðila skv. 29. gr. skal tilgreint að lög heimaríkis verðbréfasjóðs gildi um það.

34. gr.

Rafræn sending upplýsinga.

Ef aðilar að samkomulagi skv. 29. gr. semja um að senda á milli allar upplýsingar eða hluta þeirra rafrænt skal samkomulagið fela í sér ákvæði sem tryggja að þær upplýsingar séu jafnframt vistaðar með öruggum hætti.

35. gr.

Gildissvið samkomulagsins.

Samkomulag skv. 29. gr. getur tekið til fleiri en eins verðbréfasjóðs undir stjórn rekstrarfélags. Í slíkum tilfellum þá skal tilgreint sérstaklega í samkomulagi lista yfir þá verðbréfasjóði sem falla undir það.

36. gr.

Þjónustusamningur.

Heimilt er að fjalla um aðferðir og verklag vörslufélags við öflun upplýsinga og miðlun þeirra til rekstrarfélags skv. c- og d-lið 29. gr. í sérstöku skriflegu samkomulagi.

VI. KAFLI

Áhættustýring.**1. ÞÁTTUR****Meginreglur við áhættustýringu, áhættustýringarstefna og áhættumat.**

37. gr.

Almennar meginreglur.

Rekstrarfélag skal hafa yfir að ráða eftirlitskerfi sem gerir því kleift að vakta, meta og stýra áhættu einstakra eigna og eignasafns verðbréfasjóðs á hverjum tíma, sbr. 38. gr. Rekstrarfélag skal ekki reiða sig einungis eða kerfisbundið á lánshæfismöt lánshæfismatsfyrirtækja við mat á lánshæfi eigna hvers sjóðs. Sérstaka aðferð skal nota til að leggja nákvæmt og óháð mat á virði OTC-afleiðna, sbr. 44. gr.

Rekstrarfélag skal reglulega senda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um tegundir afleiðna, undirliggjandi áhættur, magntakmarkanir og þær aðferðir sem notaðar eru til að meta áhættu tengda afleiðum hvers verðbréfasjóðs.

Heildaráhætta verðbréfasjóðs vegna afleiðna skal ekki fara yfir hreint heildarvirði eignasafns hans.

Við útreikning áhættu skal taka mið af núvirði undirliggjandi eigna, mótaðilaáhættu, líklegri þróun fjármálamarkaða og líftíma samninga.

Verðbréfasjóði er heimilt sem hluta af fjárfestingarstefnu sinni, að teknu tillit til þeirra takmarkana sem fram koma í 35. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og lagfjárfestingarsjóði, að fjárfesta í afleiðum að því gefnu að áhætta undirliggjandi eigna fari ekki yfir samanlögð fjárfestingarhámörk sem fram koma í 35. gr. laganna.

Þegar framseljanleg verðbréf eða peningamarkaðsskjöl fela í sér afleiðu þá skal afleiðan tekin með í útreikning.

38. gr.

Áhættustýringarstefna.

Rekstrarfélag skal koma á og viðhalda viðunandi stefnu um áhættustýringu sem vaktar og greinir áhættu verðbréfasjóðs sem það stýrir. Hið sama á við um áhættu sem verðbréfasjóður kann að vera óvarinn fyrir og framlag hennar til heildaráhættu eignasafnsins.

Stefna um áhættustýringu skal taka til aðferða sem nauðsynlegar eru til að gera rekstrarfélagi kleift að meta markaðs-, seljanleika- og mótaðilaáhættu fyrir hvern verðbréfasjóð sem það stjórnar og alla aðra áhættu sem verðbréfasjóður er óvarinn fyrir þ.m.t. rekstraráhætta, sem getur verið veruleg fyrir hvern verðbréfasjóð.

Rekstrarfélag skal m.a. tilgreina eftirfarandi þætti í stefnu um áhættustýringu:

- a. aðferðir, tæki og fyrirkomulag sem gerir því kleift að vera í samræmi við skyldur sínar skv. 40. og 41. gr. og
- b. úthlutun ábyrgðar er varðar áhættustýringu innan rekstrarfélags.

Rekstrarfélag skal tilgreina í stefnu um áhættustýringu sbr. 1. mgr. skilmála, inntak og tíðni skýrslugjafar um áhættustýringarstarfsemi, sem um getur í 11. gr., til stjórnar og yfirstjórnar og, ef við á, til eftirlitseiningar.

Að því er varðar 1. og 2. mgr. skal rekstrarfélag taka tillit til eðlis, umfangs og þess hve flókin starfsemi þess er og verðbréfasjóðs sem þau stýra.

39. gr.

Mat, eftirlit með og endurskoðun á stefnu um áhættustýringu.

Rekstrarfélag skal meta, hafa eftirlit og endurskoða með reglulegu millibili:

- a. hvort stefna um áhættustýringu og fyrirkomulag, ferli og aðferðir sem um getur í 40. og 41. gr. séu fullnægjandi og skilvirkar,
- b. í hvaða mæli rekstrarfélag fylgi áhættustýringarstefnu og fyrirkomulagi, ferlum og aðferðum sem um getur í 40. og 41. gr. og
- c. hvort ráðstafanir sem ætlað er að taka á annmörkum við framkvæmd áhættustýringarferlis séu fullnægjandi og skilvirkar.

Rekstrarfélag skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um verulegar breytingar á áhættustýringarferli.

Fjármálaeftirlitið skal reglubundið meta hvort rekstrarfélag sé að uppfylla skyldur sína skv. 1. mgr. sem og við veitingu leyfis.

2. ÞÁTTUR

Áhættustýringarferli, mótaðilaáhætta og samþjöppun útgefanda.

40. gr.

Áhættumat og áhættustýring.

Rekstrarfélag skal koma á fullnægjandi og árangursríkum verklagsreglum og ferlum til að:

- a. meta og stjórna á hverjum tíma áhættu sem verðbréfasjóður er óvarinn fyrir eða gæti verið óvarinn fyrir og
- b. tryggja að farið sé að takmörkunum varðandi heildar- og mótaðilaáhættu í samræmi við 41. og 43. gr.

Verklagsreglur og ferlar skulu vera í réttu hlutfalli við eðli, umfang og það hve flókin starfsemi rekstrarfélags og verðbréfasjóðs sem þau stýra er og vera í samræmi við áhættusnið verðbréfasjóðs.

Að því er varðar 1. mgr. skal rekstrarfélag grípa til eftirfarandi aðgerða fyrir hvern og einn verðbréfasjóð sem það stýrir:

- a. koma á fyrirkomulagi, ferlum og aðferðum við áhættumat sem nauðsynlegt er til að tryggja að áhætta af teknum stöðum og framlag þeirra til heildaráhættusniðs sé metið nákvæmlega á grundvelli traustra og áreiðanlegra gagna, og að fyrirkomulag, ferlar og aðferðir við áhættumat sé skráð með fullnægjandi hætti,
- b. framkvæmi, eftir því sem við á, reglulega afturvirktt eftirlit til að endurskoða gildi áhættumatsfyrirkomulags sem felur í sér notkun spá- og matslíkana,
- c. framkvæmi, eftir því sem við á, reglubundin álagspróf og sviðsmyndagreiningar til að taka á áhættu sem leiðir af mögulegum breytingum á markaðsaðstæðum sem gætu haft slæm áhrif á verðbréfasjóð,
- d. innleiði og viðhaldi skriflegu kerfi um innri takmarkanir varðandi mat sem nýtt er til að stjórna og hafa eftirlit með viðeigandi áhættu sem varðar hvern verðbréfasjóð fyrir sig að teknu tilliti til áhættu sem gæti haft veruleg áhrif á verðbréfasjóð, sbr. 38. gr., og tryggi samræmi við áhættusnið verðbréfasjóðs,
- e. tryggi að núverandi áhættustig sé í samræmi við kerfi um áhættutakmörkun sbr. d-lið fyrir hvern verðbréfasjóð og
- f. komi á og viðhaldi fullnægjandi verklagi sem leiðir til úrbóta í tæka tíð með hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi ef fram koma breistir í kerfi verðbréfasjóðs um takmörkun áhættu, eða ef fyrirsjáanlegt er að það gerist.

Rekstrarfélag skal beita viðeigandi stýringu lausafjárahættu til að tryggja að hver og einn verðbréfasjóður sem þau stjórna uppfylli ávallt 1. mgr. 27. gr. laga nr. 128/2011. Rekstrarfélag skal, eftir því sem við á, framkvæma álagspróf sem gera því kleift að meta lausafjárahættu verðbréfasjóðs við óvenjulegar aðstæður.

Rekstrarfélag skal tryggja að lausafjárnið fjárfestinga verðbréfasjóðs sé í samræmi við innlausnarstefnu sem sett er fram í sjóðsreglum, stofnsamningi eða lýsingu.

41. gr.

Útreikningur á heildaráhættu.

Rekstrarfélag skal reikna út heildaráhættu verðbréfasjóðs sem það stýrir, vegna afleiðuviðskipta sbr. 34. gr. laga nr. 128/2011, sem annaðhvort:

- a. aukin áhætta og skuldsetning vegna notkunar verðbréfasjóðs á afleiðum, þ.m.t. að innbyggðar afleiður megi ekki vera umfram samtölu verðmætis hreinnar eignar verðbréfasjóðs eða
- b. markaðsáhætta eignasafns verðbréfasjóðs.

Rekstrarfélag skal reikna út heildaráhættu verðbréfasjóðs eigi sjaldnar en daglega.

Rekstrarfélagi er heimilt að reikna út heildaráhættu með notkun staðfestuaðferðar (e. the commitment approach) eða vágildisaðferðar (e. value at risk approach, VaR). "Vágildi" merkir mælikvarða á hámark vænts taps á tilteknu öryggisstigi á tilteknu tímabili.

Rekstrarfélag skal tryggja að aðferðin sem valin er til að mæla heildaráhættu sé viðeigandi. Við mat á því hvort aðferð sé viðeigandi skal horft til fjárfestingarmarkmiða verðbréfasjóðs, tegundar afleiðna og þess hversu flóknar þær eru auk hlutfalls afleiðna af eignasafni verðbréfasjóðs.

Ef verðbréfasjóður, beitir tilteknum aðferðum og gerningum til að auka skilvirkni í stýringu eignasafna, þ.m.t. endurhverf verðbréfakaup eða verðbréfalán til að auka skuldsetningu eða markaðsáhættu, skal rekstrarfélag taka viðkomandi viðskipti til greina við útreikning á heildaráhættu.

42. gr.

Staðfestuaðferð.

Ef staðfestuaðferð er notuð við útreikning á heildaráhættu skal rekstrarfélag beita þeirri aðferð á allar afleiður, þ.m.t. innbyggðar afleiður, hvort sem þær eru notaðar í samræmi við almenna fjárfestingarstefnu verðbréfasjóðs, til að draga úr áhættu eða að því er varðar skilvirka stýringu eignasafns.

Ef staðfestuaðferð er notuð við útreikning á heildaráhættu skal rekstrarfélag umreikna hverja og eina afleiðu í eignasafni yfir í markaðsvirði sambærilegrar stöðu í undirliggjandi eign viðkomandi afleiðu (hefðbundna staðfestuaðferðin).

Rekstrarfélagi er heimilt að taka til greina skuldajöfnun og áhættuvarnir við útreikning á heildaráhættu, ef slíkt fyrirkomulag leiðir ekki til þess að augljós og veruleg áhætta er undanskilin og að það dragi greinilega úr áhættu.

Ef notkun afleiðna eykur ekki áhættu verðbréfasjóðs þarf ekki að taka tillit til undirliggjandi áhættu við staðfestuútreikning.

Ef staðfestuaðferð er notuð þarf ekki að taka tillit til skammtímalána sem verðbréfasjóður hefur tekið í samræmi við 2. mgr. 41. gr. laga nr. 128/2011 við útreikning á heildaráhættu.

43. gr.

Mótaðilaáhætta og samþjöppun útgefanda.

Rekstrarfélag skal tryggja að mótaðilaáhættu, sem leiðir af OTC-afleiðu, falli undir takmarkanir sem settar eru fram í 35. gr. laga nr. 128/2011.

Við útreikning á mótaðilaáhættu verðbréfasjóðs í samræmi við takmarkanir 1. og 2. mgr. 35. gr. laga nr. 128/2011 skal rekstrarfélag nota jákvætt markaðsvirði OTC-afleiðu við þann mótaðila.

Rekstrarfélag getur skuldajafnað afleiðustöðu verðbréfasjóðs við sama mótaðila, að því tilskildu að félagið geti framfylgt skuldajöfnunarsamningi við mótaðila fyrir hönd verðbréfasjóðs. Skuldajöfnun er eingöngu leyfileg að því er varðar OTC-afleiður ef þeir eru við sama mótaðila og tengjast engri annarri áhættu verðbréfasjóðs sem gæti haft sama mótaðila.

Rekstrarfélagi er heimilt að minnka áhættu verðbréfasjóðs gagnvart mótaðila í viðskiptum með OTC-afleiðu ef félagið fær tryggingu. Móttekin trygging skal vera nægilega seljanleg til að unnt sé að selja hana hratt og á verði sem er nálægt verðmati hennar fyrir sölu.

Rekstrarfélag skal taka tillit til trygginga við útreikning á mótaðilaáhættu, sbr. 2. mgr. 35. gr. laga nr. 128/2011, þegar rekstrarfélagið framselur tryggingu til mótaðila í viðskiptum með OTC-afleiður fyrir hönd verðbréfasjóðsins. Aðeins má taka tillit til framseldra trygginga við skuldajöfnun ef rekstrarfélag getur framfylgt skuldajöfnunarsamningi við mótaðila fyrir hönd verðbréfasjóðs.

Rekstrarfélag skal reikna út fjárfestingarhámark útgefanda eins og um getur í 35. gr. laga nr. 128/2011 á grundvelli undirliggjandi áhættu vegna notkunar afleiðna samkvæmt staðfestuaðferðinni.

Að því er varðar áhættu vegna viðskipta með OTC-afleiður, sbr. 4. mgr. 35. gr. laga nr. 128/2011, skal rekstrarfélag taka tillit til mótaðilaáhættu vegna OTC-afleiðna við útreikning.

3. ÞÁTTUR

Verklag við mat á virði OTC-afleiðna.

44. gr.

Verklag við mat á virði OTC-afleiðna.

Rekstrarfélag skal sannreyna að áhætta verðbréfasjóðs vegna OTC-afleiðna sé metin á raunvirði sem byggir ekki eingöngu á markaðsskráningu mótaðila í viðskiptunum sbr. 4. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 1166/2013.

Að því er varðar 1. mgr. skal rekstrarfélag koma á, framkvæma og viðhalda fyrirkomulagi og verklagi sem tryggir viðeigandi, gagnsætt og sanngjarnt mat á áhættu verðbréfasjóðs vegna OTC-afleiðna. Rekstrarfélag skal tryggja að gangvirði OTC-afleiðna sé metið á fullnægjandi, nákvæman og óháðan hátt. Matsfyrirkomulag og ferli skal vera fullnægjandi og í réttu hlutfalli við eðli viðkomandi OTC-afleiðu og það hversu flókin hún er.

Rekstrarfélag skal fara að kröfum sem settar eru fram í 2. mgr. 3. gr. og í 5. mgr. 22. gr. ef fyrirkomulag og verklag við mat á OTC-afleiðum felur í sér að þriðju aðilar framkvæmi tilteknar aðgerðir.

Starfseining áhættustýringar rekstrarfélags skal falin ábyrgð á eftirliti með skyldum rekstrarfélags skv. 1. og 2. mgr., eftir því sem við á.

Matsfyrirkomulag og ferli sem um getur í 2. mgr. skal vera skráð á fullnægjandi hátt.

4. ÞÁTTUR

Miðlun upplýsinga um afleiður.

45. gr.

Skýrsluskil um afleiður.

Rekstrarfélag skal afhenda Fjármálaeftirlitinu, eigi sjaldnar en árlega, skýrslur með upplýsingum sem gefa glögga mynd af þeim tegundum afleiðna sem hver og einn verðbréfasjóður notar, undirliggjandi áhættu þeirra, magntakmarkanir og aðferðir sem notast er við til að meta áhættu í tengslum við afleiðuvíðskipti.

Fjármálaeftirlitið skal endurskoða tíðni og heilleika upplýsinga sem um getur í 1. mgr. og beita heimildum sínum til íhlutunar ef við á.

VII. KAFLI

Lokaákvæði.

46. gr.

Lögleiðing.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 64. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og ~~fagfjárfestingarsjóði~~ og 27. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Reglugerðin felur í sér innleiðingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/43/ESB um efni tilskipunar 2009/65/EB, varðandi skipulagskröfur, hagsmunaárekstra, viðskiptahætti, áhættustýringu og inntak samkomulagsins milli vörslufyrirtækis og rekstrarfélags og hluta tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS). Tilskipun 2010/43/ESB var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/2012 sem birt var 13. desember 2012 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 70/2012. Tilskipun 2009/65/EB var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2010 sem birt var 3. mars 2011 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 12/2011.

47. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi tekur gildi 1. september 2014.

- Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 5. maí 2014. -

- F. h. r. -

- Anna Borgþórsdóttir Olsen. -

- Guðmundur Kári Kárasen. -

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.